

Mosfellsbær  
Sindri Birgisson  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 11. júní 2024  
UST202406-015/A.B.  
10.04.03

## Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Tungumelar athafnasvæði - Mosfellabær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 5. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulagi fyrir Tungumelar athafnasvæði.

Í erindinu kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að koma fyrir fjölbreyttum atvinnulóðum með góða tengingu við Hringveg um Fossaveg. Fella skal lóðir, byggingareiti og götur að landi og náttúrulegum staðhættum og að taka tillit til ræktaðra svæða og nálægðar við Köldukvísl. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Fossavegi til norðurs og Hringvegi (Vesturlandsvegi) til vesturs. Til suðurs afmarkast svæðið af útivistarsvæði á bökkum Köldukvíslar og til austurs af opnu svæði við rætur Mosfells.

### Friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir á að vegna nálægðar við Tungufoss og Varmárósa sem eru friðlýst svæði er mikilvægt að meta hvort að áætlunin hafi á einhvern hátt áhrif á verndargildi svæðanna.

Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsta svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

### Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027<sup>1</sup> í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar

---

<sup>1</sup> <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um vatnshlotin sem tillagan getur haft áhrif á. Vatnshlotin sem um ræðir eru áin Kaldakvísl 1 nr. 104-916-R<sup>2</sup> og svo grunnvatnið Leirvogsa 104-289-G<sup>3</sup> þau að ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau (sjá vatnavefsja stjórnar vatnamála). Öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið um ástand, en þau eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlotanna ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

---

<sup>2</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-916-R>

<sup>3</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-289-G>